



Norðurþing

Greinargerð

Fjárhagsáætlun 2026-2029




Forsendur fjárhagsáætlunar og viðmið um afkomu

Fjárhagsáætlun Norðurþings fyrir árin 2026-2029 er nú lögð fram til síðari umræðu í sveitarstjórn Norðurþings 11. desember 2025 í samræmi við samþykkt ferli við afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Áætlunin var lögð fram í byggðarráði 23. október 2025 og vísað til fyrri umræðu í sveitarstjórn samkvæmt 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Fyrri umræða í sveitarstjórn fór fram þann 13. nóvember 2025.

Byggðarráð vísaði á 511. fundi sínum, þann 4. desember s.l., fjárhagsáætluninni til sveitarstjórnar til síðari umræðu. Samhliða áætlun næsta árs er jafnframt lögð fram þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2027, 2028 og 2029.


Forsendur fjárhagsáætlunar Norðurþings voru lagðar fram í byggðarráði 13. október s.l. Við gerð fjárhagsáætlunar að þessu sinni ríkir töluverð óvissa um framvindu efnahagsmála- og þá sérstaklega atvinnumála hér í sveitarfélaginu.



Mynd 1. Verðbólga, stýrivextir og raunstýrivextir

Verðbólga hefur reynst þrálátari en væntingar stóðu til. Í ár er reiknað með að vísitala neysluverðs hækki að meðaltali um 4,1% milli ára. Gert er ráð fyrir að verðbólga hjaðni samhliða minni umsvifum í hagkerfinu og minnkandi spennu á vinnumarkaði en árið 2026 er reiknað með að vísitala neysluverðs hækki um 3,5% og um 2,7% árið 2027 (*Hagtíðindi-bjóðhagsspá*).

Hagvöxtur verður 1,5% á þessu ári, 1,7% á næsta ári, 2,2% árið 2027 og 2,4% árið 2028, gangi spáin eftir. Vöxturinn verður ekki síst borinn uppi af seiglu í neyslu en einnig lítillaga auknum útflutningi. Verðbólga hjaðnar löturhægt, samkvæmt spánni, enda verður henni viðhaldið af kröftugu neyslustigi, þótt háir raunvextir vegi á móti. Útlit er fyrir 4,1% meðalverðbólgu á þessu ári, 4,0% á næsta ári, 3,6% árið 2027 og 3,3% árið 2028. Vextir verða lækkaðir hægt og rólega í takt við hæga hjöðnun verðbólgu. Við spáum 7,25% stýrivöxtum í lok næsta árs, 6,50% í lok árs 2027 og 5,75% í lok spátímans. (*Landsbankinn*).



Mynd 2. Þróun ársverðbólgu (mynd Hagstofan)

Áherslur Norðurþings í fjárhagsáætlun 2026-2029

Í fjárhagsáætluninni er lögð áhersla á grunnþjónustu sveitarfélagsins auk þess sem metnaðarfull framkvæmdaáætlun fylgir henni. Áhersla á málefni barna og unglinga endurspeglast í fjárhagsáætluninni og má þar t.d. nefna að frístundastyrkur hækkar verulega á næsta ári. Stærsta framkvæmd næsta árs er bygging nýs húsnæðis fyrir frístund og félagsmiðstöð austan Borgarhólsskóla áformað er að húsið verði fullklárað ásamt lóð í ágúst nk. Ný sundlaug við Lund í Öxarfirði er á áætlun næsta árs og framkvæmdir verða á árunum 2026 og 2027. Einnig verður byrjað að vinna að endurnýjun á gólfi og stúku í íþróttahöll á Húsavík á næstu tveimur árum. Áætlað er að hefja framkvæmdir á árinu 2026 við stjórnsýsluhúsið að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík. Á árinu 2026 er stefnt að að endurnýja götuna Ketilsbraut ásamt öllum lögnum frá kirkju og að Hóteli. Undirbúningur Framkvæmda á iðnaðarsvæðinu á Bakka og Röndinni á Kópaskeri styðja við frekari atvinnustarfssemi í sveitarfélaginu. Ýmis smærri verkefni eru á framkvæmdaáætlun og áhersla er á að ljúka þeim verkum sem hafin eru. Unnið hefur verið að skipulagi um þéttingu byggðar í suðurbæ Húsavíkur sem fjölgar hagstæðum íbúðarlóðum verulega á næstu árum. Unnið verður áfram við gerð aðalskipulags Norðurþings og því lokið á næsta ári. Einnig gerir fjárhagsáætlunin ráð fyrir að í upphafi næsta árs verði haldið áfram með framkvæmdir við nýtt hjúkrunarheimili í Auðbrekku. Það er í ferli hjá ríkinu sem mun annast þá byggingu að fullu og mun tilkoma þess efla og bæta grunnþjónustu aldraðra til mikilla muna.

Áherslur og forsendur Norðurþings í fjárhagsáætluninni eru þessar:

- Niðurstaða fjárhagsáætlunar sýni sem réttasta niðurstöðu.
- Útsvarshlutfall verði áfram 14,97%.
- Álagning fasteignaskatta verði 0,45% á íbúðarhúsnæði og 1,55% á atvinnuhúsnæði.

- Álögur á íbúa verði í takti við verðlagsþróun í landinu.
- Aðhalds verði gætt í rekstri sveitarfélagsins.
- Skuldahlutfall Norðurlings verði á svipuðum nótum og verið hefur undanfarin ár.
- Áfram verði unnið að einföldun á skipulagi og starfsemi með það að leiðarljósi að þjónusta íbúa betur á sem hagkvæmastan hátt.
- Unnið verði áfram að einföldun rafrænnar þjónustu og á framsetningu á upplýsingum.
- Fylgt verði samþykktum og stefnum Norðurlings um hin ýmsu mál.

Helstu óvissupættir

Kjarasamningar:

Kjarasamningar á almennum markaði og flestir kjarasamningar á opinbera markaðnum sem gerðir voru vorið 2024 og við kennara veturinn 2025 gilda fram á árið 2027 .

Ytri aðstæður:

Töluverð óvissa ríkir um efnahagsþróun og geta margir óvissupættir haft áhrif á forsendur Hagstofunnar. Innanlands snýr hún aðallega að verðbólguþróun, vaxtastigi og einnig hefur atvinnulífið orðið fyrir áföllum á árinu. Einnig má nefna ákvarðanir stjórnvalda í mikilvægum málaflokkum er varða sveitarfélög og má þar nefna sérstaklega málefni fatlaðra. Erlendis ríkir óvissa vegna stríðsreksturs og áhrif þess á hrávöruverð, verðbólgu og kaupgetu ferðamanna sem sækja Ísland heim.

Verðlagsforsendur, vextir og gengi:

Verðbólga lækkaði lítillega í upphafi árs 2025 en hefur verið í kringum 4% á seinnihluta ársins og gert er ráð fyrir að svo verði áfram árið 2026. Þetta þýðir að undirliggjandi verðbólga, sem mælir verðbólgu án sveiflukenndra liða, er að aukast. Hægt hefur á árstakti verðhækkana innlendrar og innfluttrar vöru og þjónustu og verðbólga gefur eftir. Verðbólga lækkaði töluvert í október sl. og hefur ekki mælst lægri í fimm ár og er nú enn og aftur komin undir 4% vikmörk verðbólgu markmiðs Seðlabankans. Verðbólga miðað við vísitölu neysluverðs án húsnæðis lækkaði einnig á milli mánaða, úr 3,3% í 2,7%, og er hún því nánast komin við markmið. Vaxtastig hefur farið lækandi frá því að Seðlabankinn lækkaði stýrivexti í nóvember sl. en þá voru fimm ár frá því að hækkun stýrivaxta hófst og vextirnir ekki verið lægri í þrjú ár. Ekkert gefur annað til kynna en að stýrivextir lækki töluvert á næsta ári.

Fjárhagsáætlun Norðurlings gerir ráð fyrir að verðbólga verði 4,2% í árslok 2025 og um 4% á árinu 2026 og þróist svo í átt að markmiði Seðlabanka Íslands á árunum 2027 og 2028.




Mynd 3. Þróun verðbólgu. (landsbankinn.is)

Viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga samkvæmt sveitarstjórnarlögum

Jafnvægisreglan:

Jafnvægisreglan kveður á um að samhlöð heildarútgjöld til reksturs vegna A og B hluta yfir þriggja ára tímabil megi ekki vera hærri en sem nemur samhlöðum reglulegum tekjum sveitarfélagsins. Það felur í sér að rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár með hliðsjón af gildandi fjárhagsáætlun og samþykktum viðaukum lögð saman við fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sýni jákvæða rekstrarniðurstöðu samstæðunnar. Alþingi samþykkti í covid-19 að víkja fjármálareglum til hliðar tímabundið. Reglurnar taka aftur gildi árið 2026 og stenst sveitarfélagið það viðmið fyllilega samkvæmt áætlun.

Rekstrarjöfnuður / jafnvægisregla




Mynd 4. A- hluti Rekstrarjöfnuður/ jafnvægisregla

Skuldareglan:

Skuldareglan kveður á um skyldur sveitarfélaga til að sjá til þess að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. sveitarstjórnarlaga séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.

Skuldahlutfall Norðurþings skv. ársreikningi 2024 nam 112%. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2025 er gert ráð fyrir að það nemi 121,5% og samkvæmt framlagðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir að skuldahlutfallið verði 125,6%. Skuldaviðmið nemur 78,6% í áætlun 2026. Alþingi hefur samþykkt að víkja þessum reglum til hliðar tímabundið til ársins 2026, ekki reynir á þessa undanþágu hjá Norðurþingi.

Skuldahlutfall og skuldaviðmið




Mynd 5. Skuldahlutfall/ skuldaviðmið (samstæða)

Þróun rekstrartekna og gjalda

- Áætlun gerir ráð fyrir að rekstrartekjur A- hluta aukist um 1,1% á milli árunna 2025 og 2026. Útsvarstekjur eru nálægt því sem gert var ráð fyrir á árinu 2025 samkvæmt útgönguspá og hefur hækkun verið nokkuð jöfn yfir flesta mánuði ársins. Heildartekjur samstæðu eru áætlaðar 6.673 m.kr. á árinu 2026.


Þróun rekstrartekna



Mynd 6. Rekstrartekjur A- hluta

- Áætlun gerir ráð fyrir að rekstrargjöld A- hluta lækki um 3% á milli áruna 2025 og 2026. Launakostnaður samstæðu hefur hækkað í takti við launavísitölu á milli áruna 2023 og 2024. Gert er ráð fyrir tæplega 4% hækkun á launakostnaði á árinu 2026 sem er í samræmi við leiðbeinandi álit Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þróun rekstrargjalda




Mynd 7. Rekstrargjöld A- hluta

- Samkvæmt framlagðri fjárhagsáætlun Norðurþings er gert ráð fyrir að rekstur A-hluta verði jákvæður um 145 m.kr og að rekstrarniðurstaða samstæðu verði jákvæð um 62 m.kr á árinu 2026.


Lykiltölur	Rauntölur 2024	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029
Breyting tekna milli ára.....		(3,4%)	1,2%	3,1%	3,5%	3,5%
Breyting gjalda milli ára.....		4,4% (2,5%)		3,0%	3,2%	3,2%

Mynd 7. Próun tekna og gjalda í samstæðu




Mynd 8. Afkoma A- hluta

- Veltufé frá rekstri er áætlað að verði 706 m.kr hjá A sjóði og 862 m.kr í samstæðureikningi. Veltufé frá rekstri í samstæðu 2026 er áætlað 12,92% samanborið við 14,53% samkvæmt áætlun 2025.
- Handbært fé í árslok 2026 er áætlað að verði 634 m.kr hjá A- hluta og 1.250 m.kr í samstæðureikningi.
- Skuldir og skuldbindingar samstæðu nema samtals 8.379 m.kr., þar af langtímaskuldir við lánastofnanir 4.347 m.kr og 2.859 m.kr vegna lífeyrirsskuldbindinga.
- Veltufjárhlutfall er áætlað 1.95 á árinu 2026, veltufé frá rekstri samstæðu er 13%




Mynd 9. Fjárhagsáætlun 2026, veltufé frá rekstri

- Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld í hlutfalli af tekjum nemi 54,4% í samstæðu og 60,6% í A- hluta, er það í samræmi við áætlun 2025. Launakostnaður samkvæmt áætlun er samtals 3.628 m.kr árið 2025 í samstæðu og 3.507 m.kr í A- hluta. Stöðugildi sveitarfélagsins og stofnana eru alls rúmlega 300.




Mynd 10. Fjárhagsáætlun 2026, launahlutfall

- Gert er ráð fyrir að framlegð af rekstri fyrir afskriftir (EBITDA) verði á árinu 2026 um 7,95% í A- hluta og 11,8% í samstæðu. Framlegð frá rekstri (EBITDA) er 460 m.kr í A- hluta og 786 m.kr í samstæðu.



Mynd 11. Fjárhagsáætlun 2026, framlegðarhlutfall samstæðu



Mynd 12. Fjárhagsáætlun 2026, framlegðarhlutfall A- hluta

- Fjárhagsstaða Norðurþings er stöðug og hefur verið viðunandi, sveitarfélagið hefur orðið fyrir tekjufalli á árinu 2025 vegna rekstrarstöðvunar PCC á Bakka og áætlun 2026-2029 litast mjög af því ástandi. Sveitarfélagið hefur ekki tekið ný lán hvorki á þessu ári né næstu fjórum árum þar á undan, skuldir eru töluverðar en vel undir viðmiðunarmörkum samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga en þar er mælt fyrir um að skuldir megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Áætlun samstæðu gerir ráð fyrir að lántaka verði að upphæð 400 m.kr á árinu 2026. Áætlunin gerir ráð fyrir að framlegðarhlutfall og veltufjárhlfutfall sé yfir þeim mörkum sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga setur.
- Framkvæmdir samstæðu eru áætlaðar 795 m.kr árið 2026 en voru áætlaðar 1.000 m.kr árið 2025. Töluvert af framkvæmdum er að hliðrast á milli ára og koma þær framkvæmdir inn á framkvæmdaáætlun ársins 2026, þar má m.a. nefna framkvæmdir og aðstöðu fyrir frístund og félagsmiðstöð, einnig má nefna framkvæmdir vegna hafnarmála sem hafa hliðrast undanfarin ár.

Helstu liðir tekjur og gjöld

Útsvar:

Gert er ráð fyrir óbreyttu álagningarhlutfalli 14,97%. Áætlaðar útsvarstekjur eru 2.478 m.kr og hækka um rúmlega 1% miðað við útgönguspá ársins 2025. Einnig er sérstök varúð á útsvarstekjum 2026 vegna rekstrarstöðvunar PCC á Bakka. Við gerð áætlunarinnar er byggt á spá Sambands íslenskra sveitarfélaga, útgönguspá 2025 og tekið er tillit til áætlaðrar launaþróunar. Enn fremur er gert er ráð fyrir 3,0% varúð á útsvarstekjurnar og íbúafjölgun skv. áætlun Sambandsins fyrir næstu ár.

Fasteignaskattar:

Í framlagðri fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að tekjur af fasteignasköttum nemi 570 m.kr og hækka um 6% milli ára. Eru þá meðtaldar nýjar eignir sem bæst hafa við á árinu 2025. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði verði óbreytt 0,45% og óbreytt 1,55% á fyrirtæki. Vatnsgjaldshluti í A-flokki fasteignagjalda lækki sem nemur 20% og verði 0,040% í álagningu gjalda vegna ársins 2026. Fráveitugjaldshluti í A-flokki fasteignagjalda lækki sem nemur 5% og verði 0,095% í álagningu gjalda vegna ársins 2026.

Gjaldskrár:

Almenn gjaldskrárhækkun er 4,2% á árinu 2026.

Gjaldskrá Þjónustan heim sem hækkar um 0,9% til samræmis við lög um málefni aldraðra nr. 125/1999, lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1999 og þá kjarasamninga sem við eiga.

Gjaldskrá fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs í Norðurlþingi, hækkar í samræmi við gildandi lög og er hækkunin eða lækkunin misjöfn eftir húsnæðis- tegundum, þar sem gjöldin þurfa að standa sem næst raunkostnaði, sbr. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, kostnaður við málaflokkinn hefur aukist mjög á síðustu tveimur árum.

Jöfnunarsjóður:

Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Norðurlþings nemi um 1.188 m.kr á árinu 2026. Tekjur jöfnunarsjóðs er áætlaðar samkvæmt áætlun sjóðsins og gert er ráð fyrir um 1% varúð á þær tekjur. Stuðst er við áætlun Jöfnunarsjóðsins frá því í september 2025.

Aðrar tekjur:

Gert er ráð fyrir að aðrar tekjur verði 2.424 m.kr í samstæðu þar af 1.518 m.kr í A- hluta.

Launakostnaður:

Launakostnaður samkvæmt áætlun er samtals 3.629. m.kr árið 2026 í samstæðu og 3.507 m.kr í A- hluta. Stöðugildi sveitarfélagsins og stofnana eru alls um 300.

Í áætluninni er tekið tillit til launahækkana samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamninga og áætlað samkvæmt fyrirliggjandi spám um launaþróun á árinu 2026.

Rekstrarkostnaður:

Annar rekstrarkostnaður samstæðureiknings er áætlaður 1.988 m.kr. sem er 2,2% hækkun milli ára, annar rekstrarkostnaður A- hluta er áætlaður 1.560 m.kr.

Fjármagnsgjöld:


Fjármagnskostnaður samstæðureiknings er áætlaður 249 m.kr. á árinu 2025 og 70 m.kr í A- hluta og lækkar í hlutfalli við vísitölu og lækkandi vexti.

Afskriftir:


Afskriftir samstæðureiknings eru áætlaðar 440 m.kr. á árinu 2025 og 244 m.kr í A- hluta og fylgja vísitölu.

Tekju skipting samstæðu Norðurþings


- Heildartekjur samstæðu Norðurþings eru áætlaðar 6.790 m.kr í fjárhagsáætlun vegna ársins 2025.




Mynd 13. Fjárhagsáætlun 2025, skipting tekjustofna A- hluti



Mynd 14. Fjárhagsáætlun 2026, skipting tekjustofna samstæða



Mynd 15. Fjárhagsáætlun 2026, skipting á tekjum samstæðu




Mynd 16. Fjárhagsáætlun 2026, skipting tekjum A- hluta

Heildarútgjöld samstæðu Norðurþings


- Heildargjöld samstæðu Norðurþings að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða eru áætluð 6.646 m.kr í fjárhagsáætlun vegna ársins 2026.



Mynd 17. Fjárhagsáætlun 2026, rekstrargjöld í m.kr




Mynd 18. Fjárhagsáætlun 2026, rekstrargjöld samstæðu í hlutfalli



Mynd 19. Fjárhagsáætlun 2026, rekstrargjöld A- hluta í hlutfalli


Útgjöld skipt á málaflokka

- Útgjöld til málaflokka A- hluta Norðurþings eru í heild áætluð 5.450 m.kr.



Mynd 20. Fjárhagsáætlun 2026, skipt á málaflokka í m.kr

- Útgjöld til málaflokka A- hluta Norðurþings í hlutfalli.



Mynd 21. Fjárhagsáætlun 2026, málaflokkar hlutfall

Rekstrarreikningur A- hluti

Norðurþing

Áætlun 2026-2029

Sveitarsjóður - A hluti						
	Rauntölur 2024	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029
Rekstrarreikningur						
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur.....	3.130.870	3.075.406	3.075.467	3.213.193	3.359.936	3.513.560
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	1.095.028	1.135.919	1.187.919	1.218.805	1.249.275	1.280.507
Aðrar tekjur.....	1.495.449	1.507.560	1.518.531	1.558.013	1.596.963	1.636.887
	5.721.346	5.718.885	5.781.917	5.990.011	6.206.174	6.430.954
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	3.418.917	3.641.123	3.507.434	3.647.732	3.797.289	3.952.977
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	212.116	300.654	254.988	250.750	250.750	250.750
Annar rekstrarkostnaður.....	1.645.480	1.564.248	1.559.563	1.602.816	1.645.486	1.689.224
	5.276.513	5.506.025	5.321.986	5.501.298	5.693.525	5.892.951
Rekstramiðurstæða fyrir afskriftir	444.833	212.860	459.931	488.713	512.649	538.003
Afskriftir.....	(193.886)	(227.090)	(244.755)	(250.209)	(235.022)	(239.862)
Rekstramiðurstæða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	250.947	(14.230)	215.176	238.504	277.627	298.141
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:						
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	165.044	68.000	90.053	90.053	90.053	90.053
Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....	0	17.877	16.764	15.498	15.295	15.290
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(183.780)	(187.947)	(176.572)	(173.645)	(173.652)	(175.682)
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
Gengismunur.....	0	0	0	0	0	0
	(18.736)	(102.070)	(69.755)	(68.093)	(68.304)	(70.339)
Rekstramiðurstæða án framlaga og skatta	232.211	(116.300)	145.421	170.411	209.323	227.802
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага.....	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	0	0	0	0	0	0
Óreglugjafir láir, tekjur (gjöld).....	0	0	0	0	0	0
Rekstramiðurstæða	232.211	(116.300)	145.421	170.411	209.323	227.802

Mynd 22. Fjárhagsáætlun 2026, rekstrarreikningur A- hluti

Rekstrarreikningur samstæða

Norðurþing

Áætlun 2026-2029

Samantekið - A og B hluti						
	Rauntölur 2024	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029
Rekstrarreikningur						
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur.....	3.117.595	3.060.922	3.061.246	3.198.603	3.344.981	3.498.231
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	1.095.028	1.135.919	1.187.919	1.218.805	1.249.275	1.280.507
Aðrar tekjur.....	2.614.244	2.397.013	2.423.606	2.459.359	2.520.280	2.582.725
	6.826.866	6.593.854	6.672.771	6.876.767	7.114.536	7.361.463
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	3.587.767	3.801.367	3.628.466	3.773.605	3.928.323	4.089.384
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	218.639	314.651	289.517	265.279	265.279	265.279
Annar rekstrarkostnaður.....	2.035.028	1.969.046	1.988.383	2.043.182	2.097.243	2.152.656
	5.841.434	6.085.064	5.886.366	6.082.066	6.290.845	6.507.319
Rekstramiðurstæða fyrir afskriftir	985.432	508.790	786.405	794.701	823.691	854.144
Afskriftir.....	(372.733)	(400.941)	(440.213)	(436.194)	(433.524)	(430.614)
Rekstramiðurstæða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	612.700	107.849	346.192	358.507	390.167	423.530
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):						
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	154.777	44.194	71.151	71.705	72.575	73.754
Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(348.853)	(339.302)	(319.969)	(307.930)	(312.859)	(317.492)
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	0 (0)	0	0	0	0	0
Gengismunur.....	0	0	0	0	0	0
	(194.077)	(295.108)	(248.818)	(236.225)	(240.283)	(243.737)
Rekstramiðurstæða án framlaga og skatta	418.623	(187.259)	97.375	122.282	149.884	179.793
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	5.811	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага.....	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	(36.568)	(30.000)	(35.000)	(35.000)	(35.000)	(35.000)
Óregluglegir láir, tekjur (gjöld).....	0	0	0	0	0	0
Rekstramiðurstæða	387.866	(217.259)	62.375	87.282	114.884	144.793

Mynd 23. Fjárhagsáætlun 2026, rekstrarreikningur samstæða